

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 199/2009

2011/EES/5/45

frá 13. mars 2009

um bráðabirgðaráðstafanir, sem víkja frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar beina afhendingu á litlu magni af nýju kjöti af hópum holdakjúklinga og kalkúna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripid sé til réttra og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri hættu sem lýðheilsu stafar af þeim.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 2160/2003 gildir ekki um frumframleiðslu til einkanota á heimilum eða sem leiðir til beinnar afhendingar framleiðandans á litlu magni af vöru á forstigi framleiðslunnar til lokaneytanda eða til smásöluþyrirtækja á staðnum sem afhenda vöru á forstigi framleiðslunnar beint til neytenda. Samkvæmt þeirri reglugerð á slík bein afhending að falla undir gildissvið innlendra reglna sem tryggja að markmiðum reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 sé náð.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að setja skuli markmið Bandalagsins um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu, sem hafa áhrif á lýðheilsu, í holdakjúklingum og kalkúnum á frumframleiðslustigi. Í henni er einnig kveðið á um að í markmiði Bandalagsins skuli koma fram skilgreining á þeim prófunarkerfum sem eru nauðsynleg til að sannreyna að markmiðið hafi náðst.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 ⁽²⁾ er til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru

til að draga úr algengi tiltekinna gerða salmonellu í holdakjúklingum á frumframleiðslustigi. Þar er einnig sett fram prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins. Prófunarkerfið kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 584/2008 ⁽³⁾ er til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna gerða salmonellu í kalkúnum á frumframleiðslustigi. Þar er einnig sett fram prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins. Prófunarkerfið kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.
- 6) Reglugerð (EB) nr. 2160/2003 gildir ekki um tiltekna frumframleiðslu. Hins vegar gildir hún um hópa holdakjúklinga og kalkúna ef framleiðandinn ætlar að afhenda lítið magn af fersku kjöti sem kemur af slíkum hópum til lokaneytanda eða til smásöluþyrirtækja á staðnum sem afhenda slíkt kjöt beint til lokaneytenda. Samkvæmt prófunarkerfunum, sem sett eru fram í reglugerðum (EB) nr. 646/2007 og (EB) nr. 584/2008, er skylt að framkvæma prófanir á þessum alifuglum fyrir slátrun.
- 7) Prófanir á slíkum hópum holdakjúklinga og kalkúna leiða til framkvæmdaröðugleika fyrir framleiðendur með mjög fá dýr það eð gerð yrði krafa um samfelldar prófanir fyrir slátrun. Sala gæti m.a. raskast vegna þess að niðurstöður prófananna þurfa að liggja fyrir áður en slátrað er.
- 8) Til að koma í veg fyrir að undanþága frá skyldubundnum, samfelldum prófunum hjá slíkum hópum auki áhættu fyrir lýðheilsu skulu aðildarríkin setja innlendar reglur sem gilda um afhendingu fersks kjöts frá framleiðanda til að tilgangi reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 sé náð.
- 9) Því er rétt að undanskilja til bráðabirgða frá gildissviði reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 hópa holdakjúklinga og kalkúna þegar framleiðandinn ætlar að afhenda lítið magn af fersku kjöti, sem kemur af slíkum hópum, til lokaneytanda eða til smásöluþyrirtækja á staðnum sem afgreiða slíkt kjöt beint til lokaneytenda.
- 10) Slík afhending er sjaldgæf yfir vetrarmánuðina og því skal bráðabirgðaráðstöfunin gilda frá vorinu 2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 70, 14.3.2009, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 3.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 skal sú reglugerð ekki gilda um hópa holdakjúklinga og kalkúna ef framleiðandinn ætlar einungis að afhenda lítið magn af fersku kjöti, sem kemur af slíkum hópum, eins og skilgreint er í lið 1.10 í I. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽¹⁾, til:

a) lokaneytanda eða

b) smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda ferskt kjöt beint til lokaneytandans.

2. Aðildarríkin skulu, eins og um getur í 1. mgr., setja innlendar reglur sem gilda um afhendingu fersks kjöts frá framleiðanda til að tilgangi reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 sé náð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir í þrjú ár.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt útgáfa Stjúd. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.